

Mál nr. 100/2006
M
og
Vátryggingafélagið V h.f. A og
Vátryggingafélagið U v. B

Árekstur bifreiða á bifreiðaplani Hreyfils í Fellsmúla í Reykjavík þ. 8.5.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.5.2006.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 427/06
3. Lögregluskýrsla dags. 8.5.2006.
4. Bréf U dags. 2.6.2006.
5. Uppdráttur

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á bifreiðaplani Hreyfils við Fellsmúla í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa ekið til suðurs inn á bifreiðaplanið frá Fellsmúla og beygt áleiðis til vinstri og stöðvað og segist hafa ætlað að bakka A í bifreiðastæði sem hafi verið að losna og búinn að setja í bakkgír en ekki byrjaður að bakka þegar B hafi komið á miklum hraða og ekið á hægra afturhorn A. Ökumaður B segist hafa ekið til suðurs inn á bifreiðaplanið frá Fellsmúla og veitt A athygli og talið að ökumaður mundi bíða með að bakka en þegar hann hafi verið að aka aftan við A þá hafi A verið bakkað og við það ekið utan í B. Vitni að óhappinu kvaðst hafa verið staðsettur í húsnæði Hreyfils í umrætt sinn segir að B hafi verið ekið inn á bifreiðaplanið á töluverðum hraða þrátt fyrir þrengsli á bifreiðaplaninu og hafi A bakkað af stað á sama tíma.

Álit.

Ökumenn greinir á um tildrög árekstursins en einu vitni er til að dreifa sem segir að í umrætt sinn hafi B ekið óvarlega inn á bifreiðaplanið en A verið byrjaður að bakka. Úrskurðarnefndin telur eðlilegt miðað við fyrirliggjandi gögn að taka fullt tillit til framburðar vitnisins og samkvæmt því þykir hvorugur ökumaður hafa gætt nægjanlegrar varúðar við akstur miðað við aðstæður í umrætt sinn og verður því sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 27.6.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.